



Útlit Austur




Útlit Suður

Útlit Norður

Snið



Útlit Vestur



Grunnmynd

1:100

Brunavarnir - greinargerð:

Um er að ræða geymsluskúr sem notaður verður sem tímabundið sem vinnuástaða en síðar meir eingöngu sem geymsla fyrir garðverkari. Húsið fellur undir ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 ásamt áorðnum breytingum. Ekki er reiknað með gistingu í húsinu.

Forsendur brunavarna: Húsið fellur undir notkunarflokk 1 samkvæmt gr. 9.1.3. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Grunnflatarmál hússins er 31 m².

Burðarvirki: Þar sem húsið er undir 200 m² er engar kröfur gerðar á burðarvirki hússins.

Flóttaleiðir: Á húsinu verðu einn útgangur beint út. Lengst göngulengd mælist um 14 m en að teknu tillit til þess að flóttaleið er í eina átt reiknast hún 28 m. Samkvæmt töflu 9.0.4 mætti hún vera allt að 45 m og því innan leyfilegra marka. Í rýminu verður reykskynjari og að því gefnu flóttaleið sé ávallt hindrunarlaus og greiðfær teljast skilyrði greinar 9.5.4 uppfyllt sem fjallar um eina flóttaleið frá notkunareiningu. Til viðbótar við gönguhurð verða tvö opnanleg fög 50x110 cm sem munu nýtast sem björgunarop þrátt fyrir að uppfylla ekki lágmarksbreidd 60 cm.

Einangrun: Útveggir og þak eru úr stálklæddum samlokueiningum með brennanlegri einangrun. Reiknað er með að samlokueiningarnar uppfylli lágmarkskröfur til slíkra eininga samkvæmt byggingarreglugerð, þ.e. uppfylli ÍST EN 14509 og uppfylli C-s2,d0 eða eldri kröfur skv. leiðbeiningum HMS 135.10.BR1 sem gerir kröfur um Eurific flokkun D.


Klæðningar: Geymsluskúrinn verður klæddur að innan með viroc plötum eða gíslagi og mun því uppfylla klæðningar í flokki 1. Þessi ráðstöfun er hugsuð sem viðbótarráðstöfun vegna einnar flóttaleiða og vegna samlokueininga.

Reykskynjarar: Setja skal einn reykskynjara í húsið.

Handslökkvitæki: Setja skal eitt handslökkvitæki skulu vera skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar 165.BR1 og ÍST EN 3. Til dæmis 6 kg léttvatnstæki eða 2 kg duftslökkvitæki.

Reyklosun: Hægt verður að reyklosa húsið í gegnum dyr og glugga á byggingunni.

Viðhald og eftirlit: Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017.



Gilvegur 3

Landnúmer: L194826
Staðgreinir: 8719-1-66200030

Helstu stærðir:

Brúttó flatarmál húss: 31,0m²
Lóð: 15.000m²
Nýtingarhlutfall: 0,002

Almenn lýsing: Skúrinn sem sótt er um verður notaður sem vinnuástaða á meðan á uppbyggingu lóðarinnar og fyrirhugaðs fristundarhúss stendur. Eftir að fyrirhugað fristundarhús hefur verið reist mun skúrinn breyta um tilgang og verða notaður sem geymsla fyrir sláttubíl og garðáhöld ásamt vinnuástöðu til að ditta að hlutum.

Uppbygging: Skúrinn er byggður upp af stálgrind. Veggir eru samloku einingar, þ.e.a.s. málmplötur með einangrun samlokaðri á milli. Á öðrum gafflinum er bílskúrshurð og inngangshurð á hinum gafflinum. Á langhliðum eru opnanlegir gluggar til austurs og háttsettur gluggi til vesturs. Veggir skulu heilklæddir með standandi gisinni timburklæðningu.

Í gólfi eru stál burðarbitar og á milli eru samlæstar samlokueiningar úr stáli sem fyllt er með einangrun.

Í þaki eru einnig stál burðarbitar með samlokaðar einangraðar einingar og þakpappi skal soðinn á þakflöt og vatnsþolnar plötur (Viroc eða sambærilegt) verða stólaðar upp í vatnshalla, til að auka veðurþol. Þak er slétt með vatnshalla upp á 2°.

Byggingin skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar 112/2012 með áorðnum breytingum.

Undirstöður: Geymslan/vinnuskúrinn skal standa á steypum sókkul-súlum sem ganga amk. 1m niður í jörðu.

Innveggir: Ekki er gert ráð fyrir innveggjum og innra byrði gámsins verður klætt með einföldu lagi af gífsi eða Viroc.

Hurðir og gluggar: Gluggar og hurðir eru úr timbur/ál gluggakerfi.

Upphitun og loftræsting: Ekki er gert ráð fyrir að skúrinn verði í fullum stofuhita. Upphitun skal vera með rafmagns öfnum. Náttúruleg loftræsting. Ekki er gert ráð fyrir vatni í skúrnum.

Brunavarnir: Sjá greinargerð.

Inntök: bráðabirgðar inntak rafmagns verður í inntakskassa (sjá afstöðumynd) og flyst í aðalhús þegar það rýs.

dagsetning	breyting	teiknað
x	x	GBS

Verk: **Gilvegur 3**
Teikning: **Geymsluskúr**

gb DESIGN

Gunnar Bergmann Stefánsson arkitekt FAI
kt: 250864-4859

GSM: 864-2282
E-mail: gunnar.bergmann@gmail.com

teiknað mælikvæði dagsetning
GBS 1:100/1:500 19.04.2022

verk nr. blaðstærð teikning nr.
19796 A2 01-01

Mástíð ekki upp af teikningum. Öll afnot og aftitun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar. Hafið samband við höfund komi upp misræmi milli teikninga eða í málsetningum. © Gunnar Bergmann Stefánsson

